

Nd.

328. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að fá felld niður þau ákvæði úr milliríkjasamningum milli Íslands og annara ríkja, sem kunna að vera því til fyrirstöðu, að Íslendingar geti tekið strandferðir við Ísland að fullu í sínar hendur.

Greinargerð.

Flm. framanritaðrar tillögu hafa borið fram í hv. Nd. frv. til laga um strandferðir, í þeim höfuðtilgangi, að Íslendingar taki að fullu í sínar hendur strandferðir við landið. Við umræðurnar var því hreyft og borið fram sem ástæða til andstöðu við frv., að ákvæði þess kæmu í bága við milliríkjasamninga. Frv. var vísað til samgmn. Nd., og hafa nú verið athuguð þau ákvæði milliríkjasamninga, sem hér geta komið til greina. Á því getur leikið nokkur vafi, hvort samningsákvæði þessi brjóti í bága við ákvæði frv., og með því að hætt er við, að sumir líti svo á, að frv. geti eigi samrýmzt samningsákvæðunum og vilji því eigi ljá málinu fylgi, virðist öruggara, til þess að ná þeim aðaltilgangi, sem fyrr greinir, að reyna til að fá ákvæði milliríkjasamninganna felld niður, svo landsmenn verði frjálsir að því að haga máli þessu að vild sinni.